

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1101

Dagsetning: 17. febrúar 2026 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Helgi Þorsteinsson (HP), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Ketill Berg Magnússon (KBM), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 10. febrúar 2026 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Fundir vikunnar

Umræður um fundi vikunnar hjá framkvæmdastjórn.

3. Aðsend erindi

HH hefur verið boðið að senda fulltrúa á landssamráðsfund gegn ofbeldi á Íslandi. Ákveðið var að ÍDH heyri í starfsfólki sem líklegt er að hafi áhuga á því að sitja fundinn.

4. Heimsókn frá Svíþjóð

Rætt var um dagskrá á fundi með fulltrúum heilsugæslu í Svíþjóð þann 13. mars, hverjum eigi að bjóða á fundinn og annað honum tengt.

5. Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu

Umræður um starfsemi Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu og áherslur heilbrigðisráðuneytisins tengt starfsemi hennar.

6. Heilsugæslan Garðabæ

Rætt var um stöðu Heilsugæslunnar Garðabæ og mögulegar breytingar í hópi yfirmanna stöðvarinnar.

7. Greiðslupátttaka í geðheilsuteymum

Fjallað var um breytingu á reglugerð sem heimilar geðheilsuteymum að innheimta komugjald sambærilegt við gjald sem innheimt er fyrir komu á heilsugæslustöð. Ákveðið var að undirbúa innheimtu gjaldsins í samræmi við reglugerðina.

8. Göngudeild sóttvarna

Rætt var um mögulegar breytingar á starfsemi Heilbrigðisskoðunar innflytjenda þannig að einingin taki við starfsemi göngudeildar sóttvarna.

9. Heilsuvernd starfsfólks

Fjallað var heilsuvernd starfsfólks HH og hvort ráða þurfi starfsmann sem getur sinnt þeim, til dæmis bólusetningum og berklaskimunum.

10. Starfsdagur stjórnenda

Rætt var um starfsdag stjórnenda, hvernig tókst til og eftirfylgni.

11. Stofnun ársins 2025

Heildarniðustöður fyrir HH í könnuninni Stofnun ársins voru kynntar. Niðurstöður fyrir hverja einingu liggja ekki fyrir. Ákveðið var að kynna niðurstöðurnar fyrir starfsfólki og kynna svo aftur niðurstöður fyrir hverja einingu þegar þær berast.

Aðgerðir og verkefni

- Bjóða þarf starfsfólki HH að taka þátt í landssamráðsfundi gegn ofbeldi, sjá lið 3.
Ábyrgð: ÍDH
- Halda þarf áfram undirbúningi fyrir fund með fulltrúum heilsugæslu frá Svíþjóð, sjá lið 4.
Ábyrgð: RÓE
- Undirbúa þarf innheimtu komugjalds í geðheilsuteymum í samræmi við reglugerð, sjá lið 7.
Ábyrgð: HP
- Vinna þarf áfram með mögulegar breytingar á starfsemi Heilbrigðisskoðunar innflytjenda, sjá lið 8.
Ábyrgð: NSK, RÓE
- Kanna þarf áfram þörf fyrir starfsmann sem sinnir heilsuvernd, sjá lið 9.
Ábyrgð: NSK og KBM
- Vinna þarf áfram með niðurstöður af starfsdegi stjórnenda, sjá lið 10.
Ábyrgð: KBM
- Kynna þarf niðurstöður úr könnuninni Stofnun ársins fyrir starfsfólki, sjá lið 11.
Ábyrgð: KBM, BJ

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 10:10.